

**Stjórnarráð Íslands og gufuskipafjelagið „Thore“  
hafa í dag gjört svofeldan**

**samning**

**um gufuskipaferðir.**

1. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi strandferðum þeim kringum Ísland, sem áskildar eru í fjárlögum fyrir árin 1910—1911.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi að minsta kosti 20 ferðum á ári milli Kaupmannahafnar og Íslands, og að gjöra ferðaáætlun þeirra 20 ferða að minsta kosti með ráði stjórnarráðsins og dönsku póststjórnarinnar, og sje þá millilandaferðunum hagað svo sem framast verður við komið eftir ferðaáætlun þess fjelags, sem fær danska póstillagið til millilandaferðanna; þó áskilur fjelagið sjer í því efni að fá að vita um ferðaáætlun þessa fjelags í síðasta lagi í fyrstu viku desembermánaðar.

Loks skuldbindur fjelagið sig til að halda uppi minst 4 ferðum á ári milli Hamborgar, Leith og Íslands.

Fjelaginu er skylt að afhenda stjórnarráðinu og dönsku póststjórninni, er kemur til millilandaferðanna, ferðaáætlun sína til samþykkis í síðasta lagi 14 dögum eftir að ofangreind áætlun hefir verið send fjelaginu.

2. gr.

*Strandferðaskipin.* Tvö þeirra mega ekki vera að neinu leyti síðri en gufuskipin *Hólar* og *Skálholt*, sem hafa haldið þessum ferðum uppi að undanfögnu. Hið þriðja skal vera 100—150 smálestir að stærð. Eitt skipið að minsta kosti skal vera nýtt. Í tveim skipunum skal vera kælirúm hentugt til að flytja í kjöt og nýjan fisk.

*Millilandaskipin.* Eitt skipið á að vera með kælirúmi hentugu til að flytja í kjöt og nýjan fisk alla þá leið, sem skipið fer, og fari það skip 7—9 áætlunarferðir.

*Hamborgarskipin* skulu taka minst 450 smálestir af flutningi.

Fjelaginu er ekki skylt að nota kælirúmin í millilandaskipunum, nema sagt sje til fyrirfram kælirúmsflutnings fyrir minst 50 kr. fyrsta árið og 100 kr. síðar.

3. gr.

Fargjöld og flutningsgjöld skulu vera samþykkt af stjórnarráði Íslands og mega ekki hærri vera, hvorki millilanda nje strandlengis, heldur en samskonar

gjöld eru látin vera í samningi þeim, sem gerður var við Sameinaða gufuskipafjelagið, um gufuskipaferðir 1908 og 1909.

94  
7. ág.

Þessi gjöld mega og ekki hærri vera milli Hamborgar og Íslands en milli Kaupmannahafnar og Íslands.

Fargjöld og farmgjöld milli tveggja staða má ekki hækka þótt skift sje um skip á leiðinni, en skyldur er þá farþegi að nota fyrsta skip, sem á að fara þangað, sem ferð er heitið.

Á ferðum þeim milli Íslands, Leith og Kaupmannahafnar, sem ræðir um í samningi þessum, skal veita alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum þá ívilnun í fargjaldi, að þeir geti ferðast í 2. farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og annars er áskilið fyrir aðra leiðina, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslensku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða þá sýslumanni eða bæjarfógeta í sýslu þeirri eða kaupstað, þar er maðurinn á heima.

Loks skuldbindur fjelagið sig til að flytja innflytjendur til Íslands frá Leith fyrir sama fargjald eins og hingað til hefir verið tekið af farþegum í 3. farrými frá Íslandi til Leith.

Fjelagið skal koma sjer saman við Sameinaða gufuskipafjelagið um farmgjaldsgreiðslu fyrir flutninga til og frá viðkomustöðum strandferðaskipanna, þann veg, að farmgjaldið hækki eigi þótt skift sje um skip.

#### 4. gr.

Um flutning á munum til og frá viðkomustöðum strandferðaskipanna og á Hamborgarskipunum, er fjelagið stranglega skuldbundið til að hafa hann ekki í fyrirrími fyrir öðrum flutningi, þó að framkvæmdarstjóri fjelagsins eða firma, sem hann á hlut í, eigi sjer arðs von af honum, og má framkvæmdarstjórinn eigi, hvernig sem á stendur, nota sjálfur meira en í hæsta lagi einn þriðja hluta af farmrúmi skips í þessum ferðum, svo framarlega sem slíkt veldur því að neita verður um flutning fyrir aðra, sem beiðst hafa flutnings hæfilega snemma.

#### 5. gr.

Fjelaginu er skylt að flytja á öllum þeim ferðum, sem getur um í 1. gr., póstflutning allan brjef og böggla — í millilandaferðunum milli Danmerkur og Íslands fram og aftur þó að eins eftir sjerstökum samningi og gegn sjerstöku gjaldi — og ber ábyrgð á öllum póstflutningum meðan hann er í vörslum skipsins, þ. e. a. s. frá því er skipverjar taka við honum og þartil er hann er fenginn í hendur þjónum póststjórnarinnar. Hann skal geyma mjög vandlega í lokuðu herbergi, nema brjefakassann, hann skal látinn vera þar, sem allir geta að honum komist. Fjelagið ber ábyrgð á því tjóni eða þeim missi eða skemdum, sem póstflutningur kann að verða fyrir sökum þess, að hans er illa gætt. Farist skip eða hlekkist því á, skal reyna að bjarga póstflutningnum svo vel sem framast er kostur á og flytja hann til næsta pósthúss. Þurfi maður að fylgja póstflut-

94 ingi á skipinu sökum þess hve mikill hann er eða dýrmætur, fær hann ókeypis  
7. ág. far bæði fram og aftur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði.

## 6. gr.

Póstflutning skal afhenda á skipsfjöl og af samkvæmt skrá og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeigandi póstembættismanns. Sýni viðtakandi, að póstflutningurinn sje eigi samkvæmur skránni, er afhendanda skylt að rita undir athugasemd þar að lútandi.

Pegar eftir komu gufuskipts skal flytja póstflutning úr skipi, hvort sem það liggur við land eða fyrir akkerum á sjó úti, til næsta pósthúss, og skal fjelagið bera kostnaðinn af flutningi þeim, nema í Kaupmannahöfn; þar verður póstflutningurinn sóttur. Sömu reglum skal fylgja um að koma póstflutningi á skip.

## 7. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn skipverji eða nokkur maður annar flytji með sjer muni, er skylt er að senda með pósti. Sá skal vera skiprækur, er slíkt verður uppvíst um, og greiði að auki lögboðna sekt. Þó er skipstjóra vitalaust að flytja brjef um málefni skipsins frá útgerðarmönnum þess til afgreiðslumanna og þeirra í milli.

## 8. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að fá íslenska yfirmenn og íslenska háseta á strandferðaskipin, eftir því sem við verður komið.

## 9. gr.

Fjelagið greiðir öll útgjöld, enda bera því öll fargjöld og farmgjöld.

Fyrir allar þær skyldur, sem fjelagið hefir undir gengist, þar með talinn póstflutning á strandferðaskipunum og Hamborgarskipunum, fær fjelagið það endurgjald úr landssjóði, er nemur 60,000 kr. — sextiu þúsund krónum — á ári. En með því að fjelagið hefir eigi tekið að sjer gufuskipaferðir þær milli Íslands og Danmerkur, sem styrkur er veittur til, að því undanskildu, er fyrr greinir, áskilur það sjer rjett til sjerstaklegs endurgjalds fyrir að flytja póstsendingar fram og aftur milli Íslands og Danmerkur; um þóknun fyrir póstflutning frá Danmörku verður fjelagið sjálft að leita samninga við dönsku póststjórnina, þó er stjórnarráð Íslands fúst til þess að mæla með því við stjórnarráð innanríkis-málanna, að þóknun sú verði hækkuð, sem greidd hefir verið undanfarið fyrir þann póstflutning.

Fjelaginu er skylt að sjá um póstflutning frá Íslandi til annara landa (að Hamborg undanskilinni) með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í 13. gr. A. 2. tölulið fjárlaga Íslands um árin 1910—1911, gegn 6000 kr. — sex þúsund króna — þóknun úr landssjóði, og á helmingur þóknunarinnar að greiðast 1. júlí og hinn helmingurinn 31. desember ár hvert.

Umsaminn ársstyrkur, 60,000 kr., verður greiddur sem hjer segir, hafi fjelagið þá fullnægt skyldum sínum eftir samningi: 6000 kr. í aprilmánuði, 6000 kr. mánaðarlega eftir það og afgangurinn, 6000 kr., eftir að síðustu ferð í desember er lokið. 94  
7. ág.

## 10. gr.

Hamli is því, að lokið verði einhverri strandferð og tilhlýðilegar sönnur eru á það færðar af fjelagsins hálfu, skal ekki draga neitt frá umsaminni ársþóknun.

En sannist það ekki, að is hafi tálmað ferð, sem fallið hefir niður að nokkru eða öllu leyti, eða láti fjelagið mót von eigi fara umsamdar strandferðir, Hamborgarferðir eða millilandaferðir með kæliskipi, skal það greiða 1000 kr. sekt fyrir hverja ólokna ferð, nema skipi hafi hlekt á og skal auk þess draga 2500 kr. frá ársþóknuninni fyrir hverja ólokna ferð.

## 11. gr.

Fjelagið gengur að því, að gestarjettur Reykjavíkurkaupstaðar sje varnarþing í málum, er þeir menn, sem heima eiga á Íslandi eða þá stjórnarráð Íslands, kynnu að höfða gegn fjelaginu útaf samningsrofi um strandferðirnar, þó því að eins, að stjórnarráðið láti uppi það álit sitt fyrirfram, í hverju dæmi einstöku fyrir sig, að málshöfðunin sje rjettmæt og hafi fjelaginu verið veittur kostur á að tjá sig áður um málið.

## 12. gr.

Samningur þessi gildir fyrir árin 1910—1919, að báðum árum meðtöldum, svo framarlega sem fjelagið fullnægir settum skilmálum og svo framarlega sem hið danska fjárveitingarvald veitir á þessu tímabili af hálfu Danmerkur þá póstflutningsþóknun, sem heitin er Sameinaða gufuskipafjelaginu í samningi milli þess, stjórnarráðs innanríkismálanna og stjórnarráðs Íslands, dagsettum í dag.

Eftir fjárhæðinni 10 sinnum 60,000 kr., er stimpilgjaldið fyrir samninginn 100 kr. og greiði hvor samningsaðili helming þess.

Samningur þessi er gjörður í 2 samritum og fær stjórnarráð Íslands og gufuskipafjelagið Thore sitt eintakið hvort.

Kaupmannahöfn, 7. ág. 1909.

Stjórnarráð Íslands.

Hlutafjelagið gufuskipafjelagið Thore.

**Björn Jónsson.**

**Thor E. Tulinius.**

*Jón Krabbe,*